

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að biðskylda verði á Vatnsmýrarvegi, annars vegar á nýrri tengingu vegarins við gömlu Hringbraut og fyrir umferð um gömlu Hringbraut, hins vegar á núverandi tengingu Vatnsmýrarvegar við gömlu Hringbraut, gegnt Umferðarmiðstöð, fyrir umferð um Vatnsmýrarveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. maí 2006.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2006